

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 23. febrúar 2023
UST202302-076/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 – 2028 – Tíu skógræktarsvæði

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 7. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 – 2028 sem nær til tíu skógræktarsvæða.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að svæðið Akurbrekka SL4 er stækkað úr 50 ha í um 102,3 ha, Geitasandur SL5 stækkað úr 1010 ha í um 1203 ha, Ártún verður 14,8 ha tekið til skógræktar, Bjalli I verður 44,4 ha tekið til skógræktar, Galtalækur verður 198,5 ha tekið til skógræktar, Heiðarbakki verður 119 ha tekið til skógræktar, Maríuvellir verður 39 ha tekið til skógræktar, Minna-Hof verður 21 ha tekið til skógræktar, Vindás verður 147 ha tekið til skógræktar og Ölversholt verður 24,7 ha tekið til skógræktar.

Forsendur - aðalskipulag

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að eftirfarandi komi fram í forsendukafla breytingarinnar hvað varðar aðalskipulag sveitarfélagsins.

Í aðalskipulagi sveitarfélagsins segir (á bls. 19) að á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spillt, s.s. vegna náttúrufars og auðlinda, verði skógrækt takmörkuð eða óheimil. Auk þess segir í skipulaginu (bls. 5) að stuðlað verði að gróðurvernd, landgræðslu og fjölbreyttri landnýtingu í samræmi við landgæði og ástand lands og (bls. 57) stuðlað skuli að verndun lítt raskaðra landsvæða.

Umhverfisviðmið

Samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar¹ eru umhverfisviðmið skilgreind sem umhverfisverndarmarkmið í stefnu stjórnvalda og viðmiðunarmörk í reglugerðum, lagaákvæðum eða alþjóðasamningum, sem umhverfisáhrif stefnumiða áætlunar eru borin saman við, svo hægt sé að taka afstöðu til vægis tiltekinna umhverfisáhrifa. Umhverfisstofnun bendir þess vegna á mikilvægi þess að stefnur stjórnvalda og viðmiðunarmörk í reglugerðum, lagaákvæðum eða alþjóðasamningum séu höfð sem umhverfisviðmið við gerð umhverfisskýrslu, en ekki einungis aðalskipulag sveitarfélagsins.

¹ <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>

Oddaflóð

Í lýsingu kemur fram að gert er ráð fyrir skógrækt við Ártún. Umhverfisstofnun bendir á að skipulagssvæðið liggur líklega að Oddaflóði sem er friðlýst sem friðland.² Hér er hægt að sjá afmörkun þess.³

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á innan friðlýstu svæðanna. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*“

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að við Vindás er votlendi sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og hvort tillagan hafi áhrif á það.

Auk þess bendir stofnunin á að í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftlagsmálum eru tvær aðgerðir sem fela í sér að standa vörð um og endurheimta votlendi.

Loftslagsmál

Umhverfisstofnun bendir á að aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að uppfærð útgáfa kom út í júní 2020 og er hún áætlun um aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030.⁴

Ein aðgerðin felur í sér að efla skógrækt til að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landi.

Auk þess vill stofnunin vekja athygli á aðgerðum sem snúa að verndun og endurheimt votlendis.

² https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/oddaflod_634_1994.pdf

³ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/Oddaflod_kort.pdf

⁴ <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf>

Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) og greinargerð eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist, sem er votlendisvistgerð og ríkt af kolefni, getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps⁵.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.⁶

Víðikjarrvist er dæmi um mólendisvistgerð með mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerð sem þarfnast verndar.⁷

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og að skipulagsreitur skógræktar séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins. Auk þess er mikilvægt að matsspurningar og umhverfisviðmið taki mið af lögum um náttúruvernd og Bernarsamningnum.

Mikilvægt fuglasvæði

Skipulagssvæðin ná til mikilvægs fuglasvæðis sem nefnist Suðurlandsundirlendið og því þarf að fjalla um svæðið í skipulaginu og meta hver áhrif breytingarinnar eru á fuglasvæðið.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar og ítarlegar um fuglasvæðið í tillögunni og það komi fram hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi verndun svæðisins og að svæðið sé talið upp í umhverfisviðmiðum umhverfismatskýrslu. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands hvað þetta varðar.⁸

Jaðarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að með skógræktinni munu búsvæði og vistkerfi breytast staðbundið og má m.a. gera ráð fyrir að spörfuglar og fleiri dýr komi sér í auknum mæli fyrir í skógræktarreitunum þegar trén vaxa upp.

Umhverfisstofnun bendir á að margar ábyrgðartegundir Íslands eru vaðfuglar/mófuglar sem nýta sér flatlendi með lággróðri og votlendi til að byggja á afkomu sína. Með skógrækt verður til annars konar búsvæði sem aðrar fuglategundir kunna að nýta sér, líkt og ýmsar spörfuglategundir, en Umhverfisstofnun bendir á að þessar tegundir fugla eru ekki ábyrgðartegundir Íslands.

⁵ <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/starungsmyravist>

⁶ <https://www.ni.is/is/greinar/forgangstegundir-fugla>

⁷ <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/vidikjarrvist>

⁸ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>

Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að einnig séu metin jaðaráhrif á það lífríki sem byggir afkomu sína í skóginum og þess lífríkis sem nýtir flatlendi umhverfis skóginn.

Ásýnd

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.*“

Því ættu lög um náttúruvernd að vera undir umhverfisviðmiðum hvað varðar umhverfisþáttinn *Land og landslag*.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt með tilliti til aðstæðna á hverjum stað.

Tegundaval

Umhverfisstofnun bendir á að fjallað er um tegundasamsetningu svæðanna í tillögunni.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gróðursettar verði innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, gulvíðir eða loðvíðir. Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að plantað sé fjölbreyttum trjátegundum, en með gróðursetningu fjölbreyttra trjátegunda mun líffræðilegur fjölbreytileiki aukast og við það eykst seigla skógarins gagnvart sjúkdómum og sníkjudýrum.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „*Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.*“

Fossar

Umhverfisstofnun bendir á að fossar falla undir b. lið 2. mgr. í 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en þar segir vernda skuli fossa og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki. Því þurfa lög um náttúruvernd að vera undir umhverfisviðmiðum hvað þetta varðar.

Umhverfisstofnun vill benda á að það eru fossar á fyrirhuguðum svæðum eins og Árbæjarfoss norðan við Hellu. Auk þess eru fossar við Galtalæk eins og Klapparfoss, Vatnsgarðsfoss, Skógarfoss og Gerðafoss.

Niðurstaða

Breytingin sem er hér til umfjöllunar gengur út á að stækka og skilgreina ný skógræktarsvæði í sveitarfélaginu þar sem stærð þeirra er allt að 850 ha. Á þessum tíu svæðum eru svæði þar sem skógrækt mun hafa óveruleg áhrif á náttúru og umhverfi. Hins vegar eru svæði sem tillagan nær til, þar sem skógrækt mun hafa neikvæð áhrif á vistgerðir sem hafa mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar, votlendi sem nýtur sérstakrar verndar og búsvæði ábyrgðartegunda.



UMHVERFIS

STOFNUN

Því er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að vandað sé til verka og settur skýr rammi og skilmálar um verkefnið og að skógræktarsvæðin séu valin og afmörkuð með þeim hætti að þau hafi ekki neikvæð áhrif á ofangreinda þætti.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur